



Fundargerð 20. stjórnarfundur AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Engjavegi 6 og Zoom. 5. september 2023 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Jóhannsson (HJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH).

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Fundinn sat einnig Björgvin Jónsson (BJ) starfsmaður AKÍS

Fjarverandi: Jón Þór Jónsson (JPJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH) og

AS ritaði fundargerð.

1. Yfirlit fjármála sambandsins

Ekki liggja fyrir sundurliðaðar tekjur og gjöld það sem af er ári. Þær tölur verða tilbúnar fyrir næsta stjórnarfund og þannig hægt að skoða samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2023.

2. Valnefnd vegna akstursíþróttafólks ársins

Verið er að vinna í að hafa samband við mögulega aðila til að sitja í nefndinni, BJ mun halda utanum málið áfram.

3. Reglur um trúnaðarbók

Drög að vinnureglum varðandi mál sem færð skulu til trúnaðarbókar voru kynntar:

Þegar mál sem koma á borð stjórnar eru tekin fyrir á fundum hennar, og eru að mati stjórnar ekki, sökum trúnaðar, metin hæf til birtingar í fundargerð, skulu þau færð í trúnaðarbók.

Er það mat stjórnar hverju sinni og í hverju máli fyrir sig hvort viðeigandi mál skuli bókuð í fundargerð stjórnar eða hvort mál sé fremur fært til trúnaðarbókar.

Trúnaðarbók skal geymd á skrifstofu Akstursíþróttasambands Íslands inni í læstum skáp.

Handrita skal bókun mála inn í bókina sjálfa eða prenta út og líma inn í hana.

Stjórnarmenn og þeir sem sitja fundi stjórnar eru bundnir trúnaði varðandi þau mál sem stjórn álitur sem trúnaðarmál.

Drögin voru samþykkt og BJ mun ásamt TMP sjá um að birta þær á vef sambandsins.

4. FIA Motorsport Funding Program

Greint frá stöðu mála varðandi umsókn okkar.

5. FIA Esports

FIA hefur gefið út leiðbeiningar um framkvæmd og keppnishald í hermiakstri, sjá [hér](#) og [hér](#).



6. Íþróttasjóður

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í íþróttasjóð vegna ársins 2024, sjá [hér](#) hlekk.

BJ mun senda aðildarfélögum upplýsingabréf sem barst frá ÍSÍ, en stjórn AKÍS hvetur aðildarfélög sín til að sækja um styrki til sjóðsins.

7. 2023 FIA Volunteers & Officials Awards

Sambandinu barst erindi frá FIA þar sem óskað er eftir tilnefningum til viðurkenninga fyrir sjálfboðaliða sem starfa að akstursíþróttu.

Ákveðið að bréfið verði áframsent á aðildarfélögin og þau beðin um að koma með tilnefningar fyrir 10. október n.k. og stjórn velji síðan úr þeim tilnefningum sem berast og komi þeim áfram til FIA.

8. Keppnisdagatal 2024

Huga þarf sem fyrst að gerð keppnisdagatals fyrir árið 2024.

BJ mun útbúa miðlægt skjal og deila með aðildarfélögum til að færa inn í sínar óskir.

9. Önnur mál

Formannafundur - TMB leggur til að halda formannafund laugardaginn 28. október að Engjavegi 6. Tillagan samþykkt.

Verðlaunaafhending Íslandsmeistararitla - KV leggur til að skipuð verði nefnd undir hennar forystu sem sæi um undirbúning og framkvæmd lokahófs, sem yrði með sambærilegu sniði og á síðasta ári, þ.e. matur, skemmtiatriði og verðlaunaafhending.

Samþykkt að KV og HRR leggi fram sundurliðaða kostnaðaráætlun og dagskrá fyrir slíkan atburð á næsta fundi stjórnar, ásamt dagsetningu.

ecoRally 2023 - Svo virðist sem ætlan keppnishaldara, KK, að fresta keppni til 8. og 9. september sem á dagatali var skráð 23. og 24. júní, hafi ekki komist til skila á greinilega máta til AKÍS. Óskað hefur verið eftir því að stjórn heimili þessa breytingu.

Samþykkt að verða við þeirri ósk.

Ósk frá ÍSÍ um skýrslu varðandi stöðu afreksmála - BJ falið að svara erindinu.

Næsti fundur 19. september á Zoom kl. 19.30

Fundi slitið kl. 21.09